

Nd.

**577. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, M. J. Kristjánsson.

1. Við 9. grein.

Setningin: »Þingmenn kosnir óhlutbundinni kosning — og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár«, falli burt, en í hennar stað komi ný setning, er hljóði svo: Þingmenn kosnir óhlutbundinni kosning skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn kosnir hlutbundinni kosning til 12 ára og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár.

2. Við 19. grein.

Málgreininni: »Nú er maður utan þjóðkirkjunnar«, og til enda greinarinnar, falli burt.